



Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

#### Fylgiskjal

## **BRÁÐABIRGÐALÖG**

**um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.**

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Gengisbreytingin, sem fól í sér lækkun á gengi krónunnar um 12%, var nauðsynleg til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og greiða fyrir ákvörðun fiskverðs. Þykir eðlilegt, að ávinningurinn af gengisbreytingunni sé að hluta til notaður til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 14. janúar 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádrögnum 6% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. janúar 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Gunnar Thoroddsen.*